

Repja (*Brassica napus var. oleifera*)

Enska; Rape, danska; Raps, norska; Raps, sænska; Raps

Tegundalýsing og kjörlendur

Repja er sumar- eða vetrareinær hávaxin káltegunnd með stólparót og öflugan stöngul. Blómin eru skærgul og eftir blómgun breytast þau í skálpa sem geyma og þroska fræin. Blöð repjunnar eru stór, fjaðurstrengjött og stakstæð á stönglinum.

Repjan vex eingöngu í ræktunarlandi þar sem henni er sáð.

Nýting, uppskeruvæntingar og fóðrunarvirði

Vetrarrepja er mikilvægasta fóðurjurtin sem ræktuð er hér á landi til haustbeitar bæði fyrir mjólkurkúr og sláturlömb. Hún er með hátt fóðrunarvirði og fóðurgildi á þeim tíma sem fjölær beitargróður er farinn að rýrna. Vetrarrepjan er á stökum stað votverkuð vegna þess hvað hún mjólkurgæft fóður, en er erfið í verkun vegna lágs þurrefnis. Repjuni er einnig sáð í blöndu með næpu eða byggi í heilsæði. Sumarrepjan er ræktuð í takmörkuðu magni í blöndu með fóðurnæpu eða hreinni og þá til sumarbeitar. Sumarrepjan er afar fljótsprottin og fer snemma í kynvöxt (blómstrar) þannig að nýtingartími hennar er stuttur. Vetrarrepja fer ekki í kynvöxt (með fáum undantekningum) og hefur því lengri vaxtar- og nýtingartíma. Hún stendur vel langt fram á haust. Nýtingin til beitar minnkar þó þegar á liður. Vetrarrepja hefur verið kynbætt sérstaklega með tilliti til blaðvaxtar, þannig blöðin eru stærri og safaríkari en blöð sumarrepju. Repjan er viðkvæm fyrir þurrki og kálflugu en er annars örugg í ræktun ef farið er eftir leiðbeiningum. Nýtanleg uppskera er algeng á bilinu 3-5 þurrefnistonn af ha ef sáð er snemma sumars.



Ræktunarleiðbeiningar

Repja vex best í mýrar- eða moldríkum móajarðvegi. Hún þolir illa sandríkan jarðveg. Best er að sá henni í nýbrotið tún. Plæging er mikilvæg en þar sem repjan er eingöngu fyrir beit má jarðvinnslan vera að öðru leiti gróf áður en sáð er. Upplýsingar um yrki er að finna í "Nytjaplöntur á Íslandi" (vefrit LbhÍ og BÍ). Þúsundkorna þyngd vetrarrepju er um 3 g en sumarrepju 4-5 g. Ráðlagt sáðmagn vetrarrepju er 8 – 12 kg og sumarrepju 10 – 18 kg á ha. Æskileg sáðdýpt er 1-2 cm og sáðtími vetrarrepju er í maí og byrjun júní en sumarrepju maí og fram í júlí. Stjórna má hæð repjunnar nokkuð með sáðmagni, þannig að lægri og fleiri fingerða stöngla má fá með því að hafa sáðmagnið í hærri mörkum. Sáning repju er vandasöm og mikilvægt að hún sé jöfn. Repjan þolir illa að vera sáð of þétt, þá verður ekkert úr henni. Best er að dreifsá á yfirborðið um leið og borið er á. Vetrarrepja þarf mikinn áburð og niðurplægða mykju nýtir hún sérlega vel. Sumarrepjan þarf minni áburð. Upplýsingar um heppilega áburðarskammta fyrir grænafóður má slá upp í Handbók bænda en mikilvægt er að bera vel á af fosfór ef repjan er ræktuð í nýbrotnu túni.

